


Páll páfi vinnur enn 12 stunda vinnudag þrátt fyrir 80 árin.


Páll páfi verður áttræður í dag en hann er ekki aldeilis á því að láta af embætti. Hann hefur þó sett lög í stjórnartíð sinni á þá leið að biskupar verði að hætta störfum þegar þeir eru orðnir 75 ára. Kardínálar mega heldur ekki kjósa páfa eftir að þeir hafa náð sama aldri og Páll páfi. Þessar reglur ná samt ekki til páfans. Hann telur sig enn fullfæran um að vera yfirmaður biskupa, þó hann sé áttræður, en þeir ekki taldir færir um að vera undirmenn hans ef þeir eru jafngamlir honum.

Hver er Pétur, og hver er páfinn? Páll, eftirmaður Péturs postula, gat ekki með nokkru móti svarað þessum spurningum. Pétur postuli og þar með eftirmenn hans eru meiri en mannlegur máttur getur skilið. Mannlegur máttur getur aldrei skilið hið guðdómlega fullkomlega, sagði Páll páfi. Hann sagði að hlutverk páfans væri m.a. að minna menn á að eftir þessa ömurlegu tilveru hér á jörðu biði þeirra önnur og betri. En Páll páfi er sér líka meðvitandi um það að sömu örlög bíða einnig eftirmanna Péturs postula. „Ég finn að lífi mínu lýkur brátt," sagði hann nýlega, þegar hann var spurður hvenær hann ætlaði að segja af sér.

Vinnur 12 tíma á dag, m.a. við að taka á móti þjóðarleiðtogum

Þrátt fyrir aldurinn er Páll páfi ekki á því að minnka neitt við sig þau störf sem hann hefur haft á hendi undanfarin ár. Hann vinnur 12 tíma á sólarhring. Mikill tími páfa fer í að taka á móti ýmsum þjóðarleiðtogum. Nýlega komu og heimsóttu hann í Vatíkanið spánski forsætisráðherrann, Adolfo Suarez, brezki forsætisráðherrann, James Callaghan, og forseti Ungverjalands, Janos Kadar. Þjóðhöfðingjar streyma til páfagarðs til að fá áheyrn páfans. Ýmist frægt fólk sækist eftir því að fá viðtal hjá páfanum og verður hann að sætta sig við að taka í höndina á alls konar flottræflum frá hinum ýmsu löndum heims.





Alcopley við eitt verka sinna að Kjarvalsstöðum.

Myndlist



Hrafnhildur Schram

eiginlegt. Báðir hefja þeir listferil sinn sem fullorðnir menn um þrítugt, báðir eru þeir sjálfmenntaðir í listinni og örlög beggja urðu þau að þeir þurftu að flýja yfirgang nasista, Kandinsky settist að í Frakklandi, en Alcopley fór vestur um haf til Bandaríkjanna.

Ég spyr hann hvort það hafi verið eftir fundinn með Kandinsky sem hann fór að hugsa alvarlega um myndlist.

Alcopley: Nei, það var löngu áður, ég get sagt þér alveg nákvæmlega hvar og hvenær áhugi minn á myndlist vaknaði fyrst.

Einu sinni sem oftar var ég á leið heim úr skóla, í þetta skipti ásamt skólabróður mínum. Við bjuggum langt frá skólanum og urðum að taka sporvagninn þangað. Við gengum fram á sýningarsal þar sem sýnd voru málverk af hestum, sem reyndar er ekki í frásögur færandi, ef hestarnir hefðu ekki verið máluðir í öllum regnbogans litum. Síðar komst ég að því að þarna var um að ræða hinar frægu hestamyndir þýska expressionistans Franz Marc.

Ég var forvitinn í þá tíð og er reyndar enn, þess vegna fórum við inn í sýningarsalinn, tókum af okkur skólatöskurnar sem við bárum á bakinu og skoðuðum myndirnar. Vinur minn var ekki lengi að kveða upp dóminn og sagði: Þetta er hlægilegt, það eru ekki til neinir bláir, grænir eða gulir hestar. Ég andmælti því kröftuglega og sagði að þeir væru víst til. Svona þrefuðum við lengi og það lá við að okkur lenti saman. Vinur minn hafði aldrei séð svona fagurlita hesta og þess vegna gátu þeir ekki verið til, en ég hrópaði og hef líkast til verið í töluverðri geðshræringu: Opnaðu augun, sérðu ekki að það eru til svona litir hestar, líttu í kringum þig, þeir eru hér inni.

Þetta var líklega í fyrsta skipti sem ég gerði mér grein fyrir því að raunveruleikinn þarf ekki endilega að vera það sem við sjáum í kringum okkur, heldur verður sköpun listamannsins að nýjum raunveruleika, Franz Marc málaði sína hesta eins og hann sá þá, fyrir honum voru þeir raunverulegir.

En auðvitað var ég örvaður af þessu klassíska, fína umhverfi Dresdenborgar sem ég ólst upp í. Söfnin þar geymdu list á heimsmælikvarða, en Dresden fór mjög illa í stríðinu og margt lenti í glatkistunni. Ég kynntist gömlu meisturunum á söfnunum, þegar teiknikennarar mínir fóru með bekkinn þangað. Kennararnir voru allir menntaðir í listaháskólanum, en höfðu valið kennslu fram yfir frjálsa myndlist. Nýlistinni kynntist ég síðan í sýningarsölum borgarinnar, það var sérstaklega einn salur, er ég man vel eftir, **Neue Kunst Fides,** sem var forgöngumaður nýlistar á þessum árum, þeir voru fyrstir til að sýna Klee og Kandisnky og þar sá ég líka Picasso og Braque. Dresden var sannkölluð listamiðstöð í þá daga.

Ég hef orð á því við Alcopley hve gott minni hann hafi.

Fyrirhafnarlítið rifjar hann upp nöfn skólabræðra sinna og kennara þó hálf öld sé liðin frá því hann var skólastrákur í Dresden. Já, segir hann og hlær, ég hef fílsminni, sem stundum getur verið óþægilegt því það er margt sem ég ekki kæri mig um að muna. Ég drakk í mig allt sem skrifað var um myndlist á þessum árum og hljóp á allar sýningar. Þegar ég fór að bera það sem ég sá í sýningarsölunum saman við það sem vinir mínir, listamennirnir, voru að gera, hugsaði ég með mér, nei, ég vil ekki verða einn af þessum miðlungsgóðu málurum, sem heimurinn er fullur af, betra að gleyma því alveg að hugsa um að gerast málari. Ég þóttist fullviss um að ég hefði ekki þá hæfileika sem ég þyrfti til að standa þeim á sporði.

Var það þá sem þú ákvaðst að snúa þér að raunvísindum?

Nei, það var þá sem ég ákvað að helga mig leikhúsinu og gerðist leikari.

Leikari??

Nú þarf ég aftur að fara til baka til skólaáranna til þess að þú skiljir hvernig ég fékk leikhúsdelluna.

Ég hafði tvo kennara í þýskum bókmenntum. Annar hét Richard Fisher og hann var ljóðskáld, ekki sérlega stórt skáld en gott skáld. Hann var kallaður rauði Fisher vegna þess að hann var eldheitur sósíalisti. Fisher lét mig alltaf lesa upp á skólaskemmtunum sögur og ljóð og ég varð brátt frægur innan skólans. Mér fannst það óþægilegt og gat alls ekki notið þess að vera smástirni skólans. Ekki vegna þess að ég væri feiminn, langt frá því, heldur vegna þess að mér fannst þetta ekkert til að gera veður út af. Hinn bókmenntakennari minn var sonur forstjóra ríkisleikhússins í Dresden og hafði brennandi áhuga á leikstarfsemi og stjórnaði nemendaleikhúsi skólans. Þar fengu þeir nemendur sem sýnt höfðu leiklistarhæfileika tækifæri til að spreyta sig á fjölunum. Þessi kennari var ákaflega kröfuharður og vildi reka fyrsta flokks leikhús. Hann réði þess vegna atvinnuleikara til að vinna með okkur. Þetta var drengjaskóli og því öll kvenhlutverk leikin af drengjum.

Á sumrin ferðaðist ég um með leikurunum og var farinn að íhuga að gerast leikritaskáld og skrifaði reyndar nokkur leikrit. Ég skrifaði eina bók, þar sem ég setti fram mjög ákveðnar hugmyndir um leikhúsið. Handritið af bókinni glataðist síðar í stríðinu. Ég var mjög óánægður með nútímaleikhúsið og var þeirrar skoðunar að það ætti að gegna sama þjóðfélagslega hlutverki og leikhúsið í Grikklandi til forna. Þar voru ýmsir listamenn og margar listgreinar látnar spila saman, þetta var samvinna margra einstaklinga, en ekki einstaklingsdýrkun. Að loknu menntaskólanámi bauðst mér að gerast atvinnuleikari en hafnaði því vegna þess að ég trúði ekki á framtíð leikhússins eins og það var þá rekið, ég trúði ekki á stjörnudýrkunina. Ég vissi að það leikhús sem mig dreymdi um var langt undan, ég var óánægður með þau leikrit sem ég var að skrifa því þau samræmdust ekki því sem ég var að hugsa um þá. Nasisminn lá í loftinu, ég fann að hugmyndir mínar voru óframkvæmanlegar í þessu landi á þessum tíma. Mig langaði til að gera eitthvað gagnlegt með líf mitt.

Þessi sumur sem ég ferðaðist með leikflokknum kom það oft fyrir að samleikarar mínir, sem voru 10-15 árum eldri en ég, komu til mín og trúðu mér fyrir sínum einkamálum, sögðu mér frá sínum misheppnuðu hjónaböndum og öðrum erfiðleikum. Ég var aðeins strákhvolpur og með ómettandi áhuga, í góðum skilningi þessa orðs, á öllu sem lifði og hrærðist í kringum mig. Mér þótti vænt um að vekja traust þessa óhamingjusama fólks og fór að hugsa um að reyna að hjálpa því á annan hátt en bara hlusta á það. Ég ákvað þess vegna að gerast geðlæknir, en fyrst þurfti ég auðvitað að lesa almenna læknisfræði svo ég settist í læknadeildina.

Ætluðum við ekki annars að tala um málaralist? spyr Alcopley og hlær.

Ég var alltaf ákaflega tortrygginn gagnvart vísindamönnum, mig langaði í rauninni aldrei til að verða læknir eða vísindamaður, mín æðsta ósk var að gerast leikritaskáld.

Það eru tilviljanir sem hafa ráðið lífi mínu. Þegar ég gerðist málari 29 ára gamall, bjó ég mér til annað nafn, **Alcopley,** því ég var dauðhræddur um að til mín væri vísað sem vísindamannsins sem væri að dútla við að mála. Ég vildi fyrir alla muni ekki verða sunnudagsmálari, ekki af því að það sé niðurlægjandi að mála bara á sunnudögum.

Rousseau byrjaði sem sunnudagsmálari og í mínum fyrstu myndum varð ég fyrir miklum áhrifum frá honum, það er sérstaklega hin ferska litameðferð hans sem ég dái. Þessar fyrstu myndir mínar eru í naívum stíl, barnslegar og einlægar. Það er helst að í þessum fyrstu myndum komi fram að ég er að mestu leyti sjálflærður málari. Ég hef ekki saknað þess að hafa ekki hlotið hefðbundna listmenntun í skólum, einmitt það hefur gefið mér visst frjálsræði í listsköpun minni, segir Alcopley sem eftir nokkra daga skiptir um hatt og gerist Dr. Alfred L. Copley á leið til Flórens á Ítalíu til að stjórna vísindaráðstefnu.

ATH: Sýning Alcopleys stendur að Kjarvalsstöðum fram á næsta miðvikudag. Einnig opið mánudag.

Hrafnhildur Schram.